

Hafnarfirði 26. nóvember 2025
Málsnúmer: 2025-11-552

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna endurbæðslu á hreinu áli í steypuskála Rio Tinto í Straumsvík

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 14. nóvember 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Um framkvæmdina

Samkvæmt starfsleyfi ISAL, álver Rio Tinto á Íslandi í Straumsvík, hefur fyrirtækið heimild til að framleiða 230.000 tonn á ári í **kerskálum** fyrirtækisins. Afkastageta í málmsteypu í **steypuskála** er hins vegar allt að 280.000 tonn á ári. Fyrirtækið hefur nú uppi áætlanir um að kaupa hreinan fastmálm (ál) og endurbæða í steypuskála fyrirtækisins. Markmiðið er að auka nýtingu í steypuskála ISAL með því að endurbæða um 50.000 tonn af hreinu áli án þess að auka framleiðslu í kerskálum.

Umfang og áhrif á umhverfisþætti

- Aukin framleiðsla áls í steypuskála mun fara fram innan núverandi húsnæðis þannig að ekki þarf að fara í byggingarframkvæmdir.
- Aukin álframleiðsla mun krefjast aukningar á kælivatni um 8–10% (um 950 þús. m³/ár) sem er innan núverandi nýtingarleyfis. Samkvæmt framkvæmdaraðila er styrkur mengandi efna í kælivatni lágur og langt undir mörkum í starfsleyfi. Hitaáhrif á sjó eru hverfandi enda miklir straumar á losunarstað, bæði ferskvatns og sjávar.
- Endurbæðsla á hreinu áli krefst mun minni orku en rafgreining súrals í kerskálum og því veldur aukin framleiðsla í steypuskála aðeins um 0,5% aukning á raforkunotkun (17.000 MWh/ár).
- Aukning verður á notkun á própangasi um 500 tonn á ári. Losun á gróðurhúsa-lofttegundum (CO₂ og NO_x) eykst í hlutfalli við aukna notkun á própangasi og er áætluð um 1,5% aukning frá álverinu. Engar breytingar verða á losun á flúor eða brennisteini.
- Aukin álframleiðsla kallar á aukið magn íblöndunarefna, um 600 tonn á ári.
- Innflutningur á hreinu áli kallar auk þess á aukningu í skipaflutningum en áhrif á umferð er talin hverfandi miðað við það sem nú er.

Álit Hafrannsóknastofnunar

Byggt á meðfylgjandi gögnum um framkvæmdina telur Hafrannsóknastofnun að frekari upplýsingar muni ekki bæta miklu við niðurstöðuna og telur því að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar,



Eydís Salome Eiríksdóttir

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

4. desember 2025
UOS2511113/R.S.

Umsögn – Matsskyldufyrirspurn – Endurbræðsla áls, framleiðsluaukning í steypuskála Rio Tinto

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofnagreinda matsskyldufyrirspurn.

Rio Tinto áformar að kaupa inn hreinan fastmálm, ál, frá öðrum framleiðendum og endurbræða í steypuskála sínum til að nýta betur þann búnað sem er til staðar, en afkastageta málmsteypunnar er allt að 280.000 tonn á ári á meðan að Rio Tinto hefur heimild samkvæmt starfsleyfi til að framleiða allt að 230.000 tonn af áli á ári í kerskálum fyrirtækisins. Ekki er nein þörf á byggingarframkvæmdum vegna framleiðsluaukningar steypuskálans þar sem fullnýta á þá framleiðslugetu sem þegar er til staðar í steypuskálanum.

Losun í loft

Í matskyldufyrirspurninni kemur fram að um 1,5% aukning verði í losun CO₂ frá álverinu vegna aukinnar brennslu á própangasi vegna breytingarinnar, en losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) mun einnig aukast vegna þessa. Þá verði einnig aukin losun ryks í samræmi við umfangið en að ryklosun verði þó áfram innan marka starfsleyfisins. Engar breytingar verða á losun brennisteinsoxíðs og flúoríðs. Dreifireikningar hafi verið gerðir til að meta áhrifin á loftgæði og hafi þeir sýnt að breytingar á loftgæðum í umhverfi ISAL eru vart merkjanlegar.

Umhverfis- og orkustofnun telur að þær breytingar sem verða á losun í loft séu litlar samanborið við þá losun sem að kemur nú þegar frá fyrirtækinu. Flúoríð og brennisteinsoxíð losna ekki við endurbræðslu og steyping áls. Starfsleyfi Rio Tinto hefur verið endurskoðað með tilliti til BAT-niðurstaðana vegna iðnaðar með járnlausan málm, en umrædd breyting fellur undir þær BAT-niðurstöður. Sú aukning sem verður á losun ryks frá steypuskálanum þarf að vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi Rio Tinto fyrir losun frá steypuskála en þau mörk eru byggð á ofangreindum BAT-niðurstöðum.

Niðurstaða

Að teknu tilliti til umfangs og eðlis ofangreindar breytingar er það mat Umhverfis- og orkustofnunar að breytt framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

teymi leyfa og umsagna

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymi leyfa og umsagna



Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 8. desember 2025
2511282

Efni: Umsögn - minnisblað

Skipulagsstofnun óskaði þann 14.11.2025 eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um endurbræðslu áls og er umsagnarfrestur til 15.12.2025.

Á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs sem haldinn var þann 21. nóvember 2025 var undirrituðum falið að undirbúa umsögn fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Í skýrslu frá verkfræðistofunni Cowi kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Aukin vatnsnotkun rúmast innan núgildandi nýtingarleyfis
- Mestur hluti aukinna flutninga eru sjóleiðis og falla beint inn í reglulega skipaflutninga álversins.
- Verði fastmálmur keyptur innanlands má reikna með 7 – 8 gámum á dag virka daga.
- Áætluð endurbræðsla fer fram inni á núverandi starfssvæði ISAL þar sem starfsemin rúmast án framkvæmda á svæðinu.
- Áhrif fyrirhugaðar aukningar á starfsemi eru metin óveruleg þar sem þau er lítil samanborið við núverandi starfsemi ISAL. Það er aðeins brennsla á própangasi sem eykst umtalsvert, en losun gróðurhúsalofttegunda frá ISAL eykst þó aðeins um 1,5%.

Lagt er til að umsögn Hafnarfjarðarbæjar verði á þá leið að ekki séu gerðar athugasemdir við fyrirhugaða starfsemi.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Elíasson
umhverfis- og veitustjóri

Skiplagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogur, 12. desember 2025
Tilvísun: K-21550

Efni: Umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna endurbæðslu á hreinu áli í steypuskála Rio Tinto í Straumsvík.

Lýsing:

ÍSAL, álver Rio Tinto á Íslandi í Straumsvík hefur heimild til að framleiða 230.00 tonn á ári í kerskálum fyrirtækisins. Afkastageta í málmsteypu er hins vegar meiri, eða allt að 280.000 tonn á ári. Fyrirtækið hefur nú uppi áætlanir um að kaupa hreinan fastmálm og endurbæða í steypuskála fyrirtækisins. Samkvæmt skilningi Umhverfis- og orkustofunnar á gildandi starfsleyfi, líti stofnunin svo á að 230.000 þúsund tonn gildi eingöngu um framleiðslu í kerskálum álversins og að eðlilegt sé að framleiðsluheimild steypuskálans komi einnig fram í umfangi starfsleyfisins. Skipulagsstofnun tilkynnti fyrirtækinu að stofnunin meti það svo að tilkynna þurfi fyrirhugaða breytingu á starfsemi til ákvörðunar um matsskyldu sbr. tölul. 13.02 í 1. viðauka laga nr.111/2021. Á grundvelli þess álits óskar fyrirtækið eftir álit á hvort framleiðsluaukning fyrirtækisins kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Gögn málsins

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér gögn málsins þar sem fram kemur að framleiðsluaukningin mun fara fram innan núverandi húsnæðis í steypuskála félagsins. Áhrif framleiðsluaukningarinnar á umhverfi er í óveruleg samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í fyrirspurninni. Losun í loft verður óveruleg, en þó er gert ráð fyrir 1,5% aukning í losun CO₂ en engar breytingar verða á losun brennisteinsoxíðs og flúoríðs.

Losun á kælivatni til sjávar eykst um 8-10% eða í kringum 950.000 m³ á ári og er það innan núgildandi nýtingarleyfis sem var endurnýjað og gefið út af Orkustofnun 1. nóvember 2024. Í nýtingarleyfi til töku grunnvatns við Straumsvík kemur fram að ef uppfærðir líkanreikningar eða gögn gefa til kynna að óbreytt vinnsla leiði til þess að umhverfismarkmið skv. lögum um stjórn vatnamála muni ekki nást, beri leyfishafa að skila til Orkustofnunar tillögum að aðgerðaáætlun sem tryggji viðhald góðrar magnstöðu og góðs efnafræðilegs ástands grunnvatns.

Fram kemur að losun á kælivatni til sjávar eykst í samræmi við notkun kælivatns og að styrkur mengandi efna í kælivatni sé lágur og áhrif hitastigs kælivatnsins hverfandi þegar því er dælt til baka vegna mikilla grunnvatnsstrauma til sjávar undir álverinu og mikilla strauma í sjónum.

Umsögn HEF

Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma um framkvæmdina og áhrif þeirra á umhverfisþætti, telur HEF að breytt framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Sú aukning sem er á losun kælivatns í strandsjóar vatnshlotið, Straumsvík-Kjalarnes nr.104-1391-C, er þó umtalsverð og kallar á að unnið verði áhrifamat framkvæmdarinnar og aukinnar starfsemi

á það vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr.36/2011 og í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot“ að mati heilbrigðiseftirlitsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins



Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri HEF